

NEYÐARKALL VEGNA ÓFREMDARÁSTANDS

Í MÁLEFNUM HJÚKRUNARHEIMILA

Ályktun Landsfundar LEB 2022

Landsfundur LEB lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu eldra fólks vegna viðvarandi skorts á hjúkrunarrýmum.

Einnig lýsir fundurinn vonbrigðum sínum með hvað hægt gengur að mæta vaxandi þörf á hjúkrunarrýmum en í dag bíða um 425 manns eftir plássi og þar af eru tæplega 100 sem liggja á LSH og bíða eftir að geta útskrifast.

Í skýrslu Halldórs S. Guðmundssonar frá júní 2021 „Virðing og reisin“ er lagt á mat þörfina fyrir hjúkrunarheimili fram til ársins 2035 miðað við óbreytt hlutfall 80 ára og eldri sem þarfnast búsetu á hjúkrunarheimilum.

Til að mæta óbreyttri þörf þarf að bæta við 136 rýmum á ári sem er árleg fjárfesting upp á rúma 6 milljarða kr.

Í fjárlögum 2022 og fjármálaáætlun fyrir tímabilið 2023 til 2027 er gert ráð fyrir að fjárfesta í hjúkrunarheimilum fyrir 19,5 milljarða kr. sem eru rúmlega 400 rými eða um 70 ný rými að meðaltali á ári.

Í drögum að fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2023 til 2027 er gert ráð fyrir 364 nýjum rýmum en þörfin er metin vera 504.

Gangi þessi markmið óbreytt fram er ljóst að ekki er verið að taka á skorti á hjúkrunarrýmum og lausn á útskriftarvanda Landsspítalans ekki í sjónmáli.

Landsfundurinn krefst skjótra viðbragða og að brugðist verði við með hraðari uppbyggingu nýrra heimila um land allt en jafnframt verði boðið upp á fjölbreyttari lausnir fyrir eldra fólk.

Einnig er mikilvægt að endurskoða greiðslufyrirkomulag íbúa hjúkrunarheimila, tryggja þeim fjárhagslegt sjálfstæði og gera allt ferlið gagnsætt.

Landssamband eldri borgara krefst þess að koma að úrlausn mála og telur mikilvægt að eldra fólk hafi aðstöðu til að hafa áhrif á sitt eigið líf.

Þetta er ekki fyrsta ályktunin sem Landssamband eldri borgara sendir frá sér vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Það ríkir algert ófremdarástand í þessum málum. Fjörgamalt fólk situr lasið heima og fær ekki þá aðhlyningu sem það þarfnast og margir aðstandendur eru örmagna.

Þetta er neyðarkall frá Landssambandinu um að stjórnvöld taki á þessum málum tafarlaust!